Fundargerð 12. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Fjarfundur, 2. júní 2026 kl. 20-21:30

Mætt: Halldór Kolbeins, Jens Ruminy, Pétur Gauti Valgeirsson, Þór Bínó Friðriksson, Örvar Már Kristinsson, Jón Páll Baldvinsson, Soffía Sóley Helgadóttir, Bryndís Kristjánsdóttir og Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Næsti fundur: 7. júlí 2026, fjarfundur á Teams kl. 20 – 21:30

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Halldór Kolbeins setur fund kl. 20:07.

Fundargerð 11. fundar

Samþykkt og send til undirritunar.

Verkefni, staðan

a. *Kjarasamningar, næstu skref.* Halldór segir frá. Hann mun hitta starfsmann SA ásamt framkvæmdastjóra VR á morgun þar sem bókanir kjarasamningsins verða ræddar og veturinn skipulagður. Komið verður á framfæri því sem við erum ósátt við, s.s. út frá vinnustaðaeftirlitinu.

   Starfskraftur deildar deilir því sem starfsfólk kjaramálasviðs hefur tekið saman varðandi kjarasamning leiðsögufólks.

   Umræða er um þetta málefni. Bent á að nú þarf leiðsögufólk að greiða fyrir matinn í Vík, hann hefur verið ókeypis. Þetta hefur verið nýtt gegn leiðsögufólki í samningum áður, þ.e. að það fái ókeypis mat víða, svo er ekki alltaf lengur.

   Algengt er að stærri fyrirtæki greiði 50% álag á helgidaga fyrir verktaka.

   Oft hefur verið svo að eitt vinnst en tvennt glatast. Lögð áhersla á góðan undirbúning til að svo verði ekki. Áður hefur leiðsögufólk oft verið síðust í röðinni og eigi að sætta sig við það sem aðrir hafi samið um. Nú verður vinnan

hafin fyrr og von er um að t.d. formsatriði verði löguð. Þörf er á félagsfundi þar sem við heyrum í okkar fólki.

2015 samningurinn er eflaust sá besti sem hefur verið gerður, þá var byrjað góðu ári ef ekki einu og hálfu ári fyrr. Allir sendir á námskeið í samningagerð. Þurfum að hafa á hreinu hvað við viljum, hverju má henda. Fengum meira þá en aðrir, þrátt fyrir að vera síðust í röðinni.

Ræðum við fulltrúa SA á morgun, höfum heyrt að atvinnurekendum hafi verið bent á a að nota reiknivélina sem við settum upp fyrir verktaka. Ekki verður hreyft við bókuninni um veikindi fyrr en eftir áramót því verið er að ræða það í stærra samhengi.

b. *Vinnustaðaeftirlitið í sumar.* Halldór segir frá. Vilja fá einhvern frá SAF með, lögreglan fer með sem og skatturinn, mögulega ASÍ einnig. Fókusinn aðeins öðruvísi en í fyrra en m.a. verður farið á Keflavíkurflugvöll. Skoða hvað varðar hópstjóra sem koma til landsins en vinna svo sem leiðsögufólk. Starfsfólkið í flugstöðinni er hvekkt yfir þjófahópum í flugstöðinni. Stjórnarfólk hefur ekki orðið vart við þá hópa. Bent á að sums staðar erlendis kemst fólk ekki á flugstöðvar nema geta sýnt fram á að eiga erindi þangað. Farið verður m.a. á Hraunfossa, Landmannalaugar, Seljalandsfoss auk staðanna sem áður hefur verið farið á, jafnvel oftar en einu sinni.

   Stöðunni í haust velt upp, hvort kjarasamningar haldist. Opinberir aðilar og SA róa öllum árum til að verjast launahækkunum. Óljóst hvað verður i haust, brúarsamningur eða annað. Við höldum okkar striki, skoðum minni hluti áður en komið er í formfastar samningsviðræður.

   Varðandi vinnustaðaeftirlitið er spurt hvort ekki sé hægt að fara í frekara samstarf við rútufyrirtækin þar sem bílstjórarnir viti oft mikið um sjóræningjastarfsemina. Talið að betra sé að tala við bílstjórana sjálfa.

c. *Raunfærnimat, staðan*. Starfskraftur deildar segir frá. Nú getur fólk skráð sig í skimunarviðtal hjá Mími til að kanna hvort viðkomandi eigi erindi í raunfærnimat. Fresturinn var upprunalega út maí en hann var lengdur til 12. júní. Síðast þegar starfskraftur deildar heyrði höfðu 6 aðilar skráð sig. Spurt út í kostnaðinn, hver ákveði hann? Almennur kostnaður við raunfærnimat er 190.000 kr. sem fer t.d. til framkvæmdaaðila og matsaðila. Þar að auki þarf að greiða fyrir hverja staðna einingu en ákveðið var að finna meðaltalsverð, hafa fast verð upp á fyrirsjáanleika að gera. Hingað til hefur raunfærnimat almennt verið framkvæmt á þriðja hæfnisþrepi en leiðsögunámið er á fjórða þrepi. Ríkið greiðir fyrir mat upp á þriðja þrep þar sem þá hefur ekki þegar verið greitt fyrir framhaldsskólamenntun þess einstaklings. Ríkið greiðir hins vegar ekki fyrir mat á fjórða þrepi þar sem það fólk klárað hefur framhaldsskólanám og

því búið að greiða fyrir framhaldsmenntun þess einstaklings. Því er þetta hefðbundinn kostnaður við raunfærnimat en hér þarf einstaklingur að greiða það sjálfur. Þó er hægt að fá endurgreiðslu úr starfsmenntasjóði eigi fólk rétt þar.

Hægt að misskilja í auglýsingunni að skimunarviðtalið kosti 235.000 – það verður lagað, það er leiðsögufólki að kostnaðarlausu.

d. *Veggspjald og bæklingar, heimsókn Höllu á Geysi*. Starfskraftur deildar segir frá. Veggspjöld og bæklingar eru komnir úr prentun. Hægt er að nálgast þá hjá starfskrafti deildar eða þeim komið til stjórnarfólks sé það á leið á kaffistofur þar sem hægt væri að hengja veggspjöldin upp. Starfskraftur vinnustaðaeftirlits VR er einnig með eintök sem hún mun koma upp.

   Stefnt er að því að Halla, Halldór og starfskraftur deildar fari á kaffistofuna á Geysi 25. júní nk. til spjalls við leiðsögufólk. Þegar það hefur verið staðfest verður það tilkynnt á FB síðu deildarinnar.

e. *Starfslýsingar/starfaprófíll*. Halldór segir frá. Fundað var með Selmu, framkvæmdastóra SVS (starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks). Spurning hvort farið yrði í gerð starfaprófíla en hún fór yfir ferlið, starfaprófíla, starfslýsingar o.fl. Hún ætlaði að setjast niður með þetta, ræða við Hauk í Hæfnisetri og sjá hvernig best væri að gera þetta. Horft verður á stóru myndina og niðurstaðan kemur til stjórnar. Þetta kostar, við þurfum að horfa heildstætt hvað við viljum gera. Erum mögulega komin einu skrefi nær þessari framkvæmd eða að skilja hvað það gerir fyrir okkur að fara í þessa vegferð. Hún hugsaði þetta lausnamiðað. Þarf félagsfund til að kynna þetta. Verður farið betur yfir með haustinu.

f. Stóra skjaldarmálið 😊 Formaður er enn að afla upplýsinga, mun vera í persónulegum samskiptum við hvern og einn milli funda og komið með það á næsta fund.

g. *Félagatalið*. Halldór fer yfir. Við sameininguna var rætt að það stæði til að loka heimasíðu Leiðsagnar og nota vr.is eingöngu. Lénið var látið standa í ár frá aðalfundi Leiðsagnar í maí 2025. Þau sem höfðu greitt aðildargjaldið 2025 vildu halda félagatalinu áfram og var ákveðið að halda síðunni uppi með félagatalinu í eitt ár. Nú er því lokið og síðunni hefur verið lokað. Stéttarfélagið vill ekki vera í vinnumiðlun og einnig eru komin önnur úrræði sem fólk getur skoðað.

Næsti fundur?

Í fyrra var tekið frí í ágúst. Lagt til að haldinn verði fjarfundur í júlí en tekið frí í ágúst. Staðfundur í september. Fólk sammælist um það. Örvar verður líklega ekki í sambandi í júlí. Hægt að nota tölvupóst á milli og verður líklega gert varðandi skjöldinn.

Önnur mál

FEG – ráðstefna í haust. Ákveða þarf hver fer fyrir okkar hönd og hvað við viljum fá út úr ráðstefnunni. Umræða um að mögulega þurfi fleiri en einn að fara til að hægt sé að fá sem mest úr ráðstefnunni en í fjárhagsáætlun var einungis reiknað með einum. Góðan undirbúning þarf áður en farið er s.s. hvaða tengiliði viljum við hitta, væri hægt að heyra í þeim áður til að ná markvissu samtali, skoða dagskrána vel o.fl. Niðurstaðan þarf ekki að vera skýrsla en þarf að vera góð samantekt og fundað við heimkomu. Erlendis er víða vernd á störfum leiðsögufólks og gott er að vita hvernig því sé háttað hjá reynslumeiri þjóðum. Tekið fram að FEG sé aðallega almenn leiðsögn en önnur samtök séu með fjallaleiðsögn í Evrópu.

Það liggur á að ákveða hver fer þar sem einstaklingsherbergi eru þegar orðin uppbókuð. Lagt til að Jens muni sjá um að skoða þetta og finni einhverja tvo með sér í það, innan stjórnar eða utan, og leggi fyrir stjórn. Skoða þarf hver fer, skiptir máli hvort sá sem fer tali annað tungumál en ensku, hvað viljum við fá úr ráðstefnunni og almennt úr samstarfi við FEG. Hann mun jafnframt gæta þess að halda áfram samskiptum við tengiliði að ráðstefnu lokinni. Við þurfum að fá út úr þessu tengiliði sem við getum hent spurningum á þegar okkur er sagt að eitthvað sé á ákveðinn hátt erlendis. Heyrt verður í Stefáni S. um hvort hægt sé að senda fleiri en einn ef svo færi og umræða tekin eftir það.

Sjáum formenn félaga á FEG síðunni, getum byrjað á að forvitnast um reglugerðir áður en farið er, https://www.feg-touristguides.com/touristguideineurope.php# .

Í tengslum við félagatalið sem var áður á touristguide.is er áhugavert að skoða myndband af Keyguide Connect sem var sent á fólk á sínum tíma.

Ábending um svör VR varðandi plastkortin, starfskraftur deildar mun heyra í sviðsstjóra þjónustuvers.

FB innleggin, minnt á að fara eftir vinnuáætluninni.

Stefnt er á að fá stjörnu-Sævar (norðurljós) og Einar S (veðurfræði og vegir) í haust. Spurning um eitthvað tengt Grindavík.

Soffía fer af fundi kl. 22.12.

Farið yfir mætingu á Stjörnu-Sævar, fólk var ánægt.

Fólk sé ekki að átta sig á því að það sé alls staðar vöxtur í ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan er stærsta atvinnugreinin á Íslandi. Hefur einhver umræða verið um vernduð störf hvað varðar umræðu um Evrópusambandið.

Fundi slitið kl. 22:19.